

# Friðrik Þór Guðmundsson

MA, stundakennari við meistaranám í blaða- og fréttamennsku við HÍ

## Boðskapur siðanefndarúrskurða:

### Reglurnar að baki reglunum

Útdráttur:

Siðareglur Blaðamannafélags Íslands hafa meðvitað verið samþykktar einfaldar og fáar þannig að þær séu opnar fyrir túlkun Siðanefndar félagsins og tíðarandanum. Í grein þessari eru siðareglurnar greindar í því skyni að leiða í ljós þau fordæmi og skilaboð sem liggja að baki úrskurðum Siðanefndarinnar sl. 10 ár, en slík greining/reifun hefur aldrei átt sér stað og opinber birting úrskurðanna raunar mjög ábótavant. Greiningin leiðir í ljós að Siðanefndin hefur á umræddu tímabili ekki aðeins útfært gildandi reglur, heldur í raun bætt við aukum við reglurnar og þannig úrskurðað um mál og atriði sem ekki er kveðið beint á um í hinum opinberu reglum. Eftirtektarverð dæmi um þetta eru skilaboðin um að blaða- og fréttamenn eigi að veita valdaöflum aðhald og að beiting óhefðbundinna vinnubragða er talin réttmæt þegar hefðbundin vinnubrögð geta ekki leitt til upplýsingaöflunar í þágu almannahagsmuna.

Það hefur verið talin ein helsta röksemdin fyrir því að hafa siðareglur Blaðamannafélags Íslands (hér eftir BÍ) fáar og „opnar“, að þá eru þær sveigjanlegar gagnvart tíðarandanum og túlkun siðanefndarmanna hvers tíma. Í því ljósi hljóta fordæmin í uppsöfnuðum úrskurðum Siðanefndar BÍ (hér eftir SBÍ) að vera mikilvæg viðmið og í raun og veru fela í sér nánari útfærslu á siðareglunum og jafnvel fela í sér sjálfstæð siðaregluákvæði. Í greiningu þessari verður leitast við að skoða úrskurði SBÍ frá 1999/2000 til dagsins í dag, en tímabil þetta er valið með í huga að ná utan um téðan „tíðaranda“.

Þess skal þó fyrst getið, sem miður er, að siðanefndarúrskurðir þessa tímabils eru ekki allir vel aðgengilegir fyrir almenning eða þá blaða- og fréttamenn sem vilja kynna sér þá alla. Á umræddu tímabili hefur SBÍ afgreitt alls 60 mál. Meirihluta úrskurðanna má nálgast rafrænt á siðaregluvef BÍ, 40 mál (á umræddu tímabili) og í gegnum prentuð eintök og vefútgáfur tímaritsins *Bládamadurinn*, sömuleiðis á vef BÍ, 10 mál til viðbótar. Höfundur varð hins vegar að fá eftirstæð 10 mál með sérstökum ráðstöfunum, ýmist rafrænt um tölvupóst, eða nálgast afrit á skrifstofu BÍ. Augljóslega mætti laga aðgengið að úrskurðum Siðanefndar.

Það kom hins vegar meira á óvart þegar höfundur spurðist fyrir um skipulegar reifanir á úrskurðum SBÍ að ekkert slíkt efni hafði verið tekið saman. Miðað við áhersluna á að hafa siðareglurnar fáar en opnar fyrir túlkun og tíðaranda þá hlýtur það að teljast galli á gjöf Njarðar að þessar túlkanir og þar með fordæmi séu ekki til í samantekt og aðgengilegar. Þessi hér greining er þar með fyrsta viðleitnin í þessa átt.

Ekki er hér ætlunin að fara ofan í saumana á boðskap hvers einasta máls, af þessum 60, heldur að finna og rekja meginlínur þær, sem skýra nánar og eftir atvikum aðalgreinar siðareglna BÍ. Siðareglur BÍ eru í sex greinum, en hér verður sjötta greinin aðeins til umfjöllunar hvað kæruskilyrði varðar, en greinin lýtur annars að viðurlögum. Fimm aðalgreinar siðareglanna eru:

### **1. grein**

*Bládamadur leitast við að gera ekkert það, sem til vavirðu má telja fyrir stétt sína eða stéttarfélag, blað eða fréttastofu. Honum ber að fordæst hvaðeina sem rýrt gati álit almennings á starfi bládamanns eða skert hagsmuni stéttarinnar. Bládamadur skal jafnan sýna drengskap í skiptum sínum við starfsfélag.*

### **2. grein**

*Bládamanni er ljós persónuleg ábyrgð á öllu sem hann skrifar. Hann hefur í huga að almennt er lítið á hann sem bládamann þó að hann komi fram utan síns eiginlega starfsviðs, í riti eða ræðu. Bládamadur virðir nauðsynlegan trúnað við heimildarmenn sína.*

### **3. grein**

*Bládamadur vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann fordæst allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vavirðu.*

#### 4. grein

Það telst mjög alvarlegt brot þiggi blaðamaður mítur eða bafi í bótunum vegna birtingar efnis. Blaðamenn skulu hafa ríkt í huga hvenær almennt öryggi borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannabeill krefst nafnbirtingar. Í frásögnum af dóms- og refsimálum skulu blaðamenn virða þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

#### 5. grein

Blaðamaður varast að lenda í hagsmunagreiningi, til dæmis með því að flytja fréttir eða frásagnir af fyrirtækjum eða hagsmunasamtökum þar sem hann á sjálfur aðild. Hann skal fyrst og síðast geta hagsmuna lesenda og sóma blaðamannastéttarinnar í hverju því sem hann tekur sér fyrir hendur í nafni starfs síns. Blaðamaður hefur í skrifjum sínum sannfæringu sína að leiðarljósi. Hann gætir þess að rugla ekki saman ritstjórnarlegu efni, sem hefur augljóst upphýsinga- og fræðslugildi, og aughýsingum í myndum og/ eða máli. Síðareglur þessar setja ekki hömlur á tjáningarfrelsi blaðamanna sem skrifa undir fullu nafni afmarkaða þætti í fjölmöldum, til dæmis gagnrýni, þar sem persónulegar skoðanir höfundar eru í fyrirrúmi.

Síðareglur þessar hafa verið í gildi frá síðustu endurskoðun árið 1991. Rétt er að geta þess að endurskoðun stendur nú yfir og eru líkindi til þess að síðareglurnar taki einhverjum breytingum á næsta ári, en ekki hefur þessi endurskoðunarvinna þó áhrif á greiningu þessa.

Á 10 ára tímabilinu frá 1999/2000 til 2008/2009 voru skráð inn alls 60 kærumál hjá SBÍ, en tvö mál voru sameinuð í eitt og hér eru því **59 mál** til umfjöllunar. Af þessum 59 málum lauk **12** með frávísun (20.3%), **29** með „sýknu“ (49.2%) og **18** með úrskurði um brot á síðareglum (30.5%). Brot skiptast í þrjá flokka eftir því hversu mikil þau teljast; Í þessum 18 brotamálum töldust átta brot ámælisverð, átta alvarleg og tvö mjög alvarleg.

Til samanburðar má nefna tölur úr greiningu Róberts Haraldssonar og Steinars Arnars Atlasonar (2006) á síðanefndarúrskurðum 1966-2005. Af málum á tímabilinu 1966 til 1985 voru 64% úrskurðuð sem brot, 22% enduðu með „sýknu“ og 14% málanna var vísað frá. Af málum á tímabilinu 1985 til 2005 voru 44% úrskurðuð sem brot, 42% enduðu með „sýknu“ og 14% málanna var vísað frá. Samkvæmt þessu fer „sýknum“ ótvírætt hlutfallslega fjölgandi í gegnum árin (úr fimmtungi í helming) en brotaúrskurðum fækkandi (úr tveimur þriðju í tæplega þriðjung). Á fyrra tímabilinu voru málin „aðeins“ tæplega tvö að meðaltali á ári, en á síðara tímabilinu fór meðaltalið upp í rúmlega sjö á ári, sem er vitaskuld umtalsverð fjölgun. Í minni greiningu á síðustu 10 árum er meðaltalið sex mál á ári.

Vík ég mér þá að því að greina einstaka úrskurði með í huga hvaða fordæmi þeir hafa gefið og/eða nánari útlistun á síðareglunum.

## Um lögsögu, leiðréttingakröfur og fleira

Fyrst rétt rétt að koma inn á lögsögumál, þ.e. ræða til hverra siðareglurnar ná og hvaða mál að öðru leyti teljast tæk, m.a. samkvæmt sjöundu grein Vinnureglna SBÍ, þar sem segir: „Við upphaf málsmeðferðar kannar siðanefnd hvort þeim kröfum, sem siðareglur gera til kæranda, hafi verið fullnægt“.

Í sjöttu grein siðareglanna segir efnislega að hver sem er geti kært blaðamann, en áður skuli hann „þó leita leiðréttingar mála sinna hjá viðkomandi fjölmiðli. Þó getur Siðanefnd úrskurðað um undanþágur frá leiðréttingarkröfum vegna annarra aðstæðna“. Þetta er ekki skilgreint nánar. Við greiningu á úrskurðum SBÍ kemur fram að það þykir eðlilegt að víkja frá leiðréttingarkröfunni ef sýnt þykir að ekki sé hægt að leiðrétta kærufnið.

Þannig taldi SBÍ í máli nr. 1/2005-2006 að ekki yrði séð „hvernig hægt sé að leiðrétta nafn- og myndbirtingar“ (nafn- og myndbirting í fréttum um hermannaveiki). Sams konar mat kom fram í áliti meirihluta SBÍ í máli nr. 9/2005-2006 (í eina málinu þar sem siðanefndin hefur klofnað) að ekki væri hægt að leiðrétta myndbirtingar og „þá telur meirihluti siðanefndar ekki unnt að leita leiðréttinga á ummælum viðmælenda blaðsins“. Svo og kom fram í máli nr. 3/2000-2001 að þar sem „kærufnið er einkanlega myndbirting, sem ekki verður leiðrétt með venjulegum hætti, er ekki fallist á að vísa málinu frá“. Einnig má nefna að fallið var frá leiðréttingarkröfu í máli nr. 5/2003-2004, þar sem sýnt þótti að kærandi „fengi ekki úrlausn mála sinna með því einu. Ennfremur þótti nefndinni ekki hjá því komist að fjalla um málið, þar sem ásökun um hagsmunatengsl var meginatriði kærunnar og niðurstaða um þann ágreining fengist vart nema með úrskurði siðanefndar“. Loks má nefna til sögunnar mál nr. 4/2005-2006: „Siðanefnd telur einnig að skilyrði þess að kærandi leiti fyrst leiðréttingar mála sinna eigi ekki við í þessu tilfalli, því í raun sé ekki hægt að leiðrétta fréttina“.

## Hverjir lúta siðareglunum?

Í sjöttu greininni segir: „Nú bera ummáli ekki með sér hver sé höfundur þeirra eða viðkomandi blaðamaður er utan BÍ og gengur þá úrskurður svo sem ritstjóri og/ eða ábyrgðarmaður eigi beina aðild að. Þótt enginn þessara aðila sé í BÍ getur Siðanefnd allt að einu lagt fram rökstutt álit um kærufnið“.

Eðlilega hlýtur tilhneigingin að vera sú að álykta að siðareglur BÍ nái eingöngu til skráðra félaga í BÍ. Beint og óbeint hefur hins vegar myndast venja og sátt um að siðareglurnar taki einnig til blaða- og fréttamanna sem eru utan félagsins og eru það þá fyrst og fremst fréttamenn ljósvakamiðlanna.

Þetta er útskýrt ágætlega í niðurstöðu máls nr. 2/2008-2009: „Í umfjöllun sinni telur siðanefnd sig hafa lögsögu í málinu enda þótt umræddir fréttamenn séu ekki félagar í Blaðamannafélagi Íslands og hefur

*siðanefnd í gegnum árin oftlega tekið fyrir mál er varða umfjöllun RÚV, nú síðast í málum nr. 1/2007-2008 og nr. 3/2007-2008. Fordæmi er og fyrir því, til dæmis frá árinu 1987, að útvarpsstjóri hafi leitað til siðanefndar vegna gagnrýni þáverandi útvarpsráðs á fréttáflutning í RUV. Óskaði útvarpsstjóri eftir því að siðanefnd skæri úr um hvort vinnubrögð sem viðhöfð voru brytu í bága við þær siðareglur sem nefndin teldi blaðamönnum skylt að fara eftir“.*

Þessi útvíkkun getur einnig náð til fréttaritara, samanber mál nr. 5/1999-2000: „*Kristín Jóhannsdóttir er lausráðinn fréttaritari Ríkisútvarpsins í Berlín og er ekki meðlimur í Blaðamannafélagi Íslands. Siðanefnd telur ástæðu til að taka kærana fyrir, enda birtist hin kærða frétt í íslenskum fjölmiðli og telst á ábyrgð höfundar hennar og viðkomandi fjölmiðils“.*

### Um skilyrðið um aðild að máli

Siðareglurnar gera ráð fyrir því að hver sem „*telur að blaðamaður hafi brotið framangreindar reglur og á hagsmuna að gæta“* geti kært til siðanefndar. Hagsmunatengingin þýðir með öðrum orðum að kærandi þurfi að vera aðili máls. Ef slík hagsmunatengsl vantar milli kæranda og kæruefnis er kæru að öðru jöfnu vísað frá, sbr. úrskurð í máli nr. 2/2004-2005: „*Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands telur aðild kæranda samkv. kærinni ekki uppfylla skilyrði 6. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands um eðlileg hagsmunatengsl milli kæranda og kæruefnisins. Af þessari ástæðu verður málið ekki tekið til efnislegrar umfjöllunar“.*

Ýmsir úrskurðir SBÍ sýna hins vegar að þetta skilyrði er ekki fortakslaust og hefur þá komið til álita hvort það væri erfiðleikum bundið og jafnvel ógerlegt að kæra berist frá hagsmunatengdum aðila og svo er metið hvort málið snertir almannahag. Í máli nr. 7/2002-2003 segir í niðurstöðu: „*Siðanefnd hefur áður tekið mál til meðferðar, sem kærð hafa verið til hennar af aðilum sem ekki eru beinlínis aðilar máls. Í máli siðanefndar nr. 3/2002-2003 var talið að í blut atti ákveðinn þjóðfélagsbópur, sem atti erfitt með að bera hönd fyrir höfuð sér, auk þess sem umræða um hugsanlega kynþáttafordóma snerti almanna hagsmuni.“*

Í téðu máli nr. 3/2002-2003 segir: „*Siðanefnd ákvað að taka kærana til umfjöllunar, þrátt fyrir að kærandi eigi ekki beina aðild að málinu. Um er að ræða ákveðinn þjóðfélagsbóp sem á erfitt með að bera hönd fyrir höfuð sér, auk þess sem umræða um hugsanlega kynþáttafordóma snertir almanna hagsmuni“.*

### Um hvaða efni er ekki kæránlegt

Oftast nær leikur ekki vafi á því hvort skrif eða flutningur blaða- og fréttamanna eru kæránleg til SBÍ, að því leyti að yfirleitt er um að ræða hefðbundin ritstjórnarleg skrif, þ.e. fréttir og

fréttaskýringar, viðtöl og annað sem fylgir hefðbundinni vinnu viðkomandi fagmanna. En þetta er ekki heldur fortakslaust og er rétt að tíunda dæmi um hvaða efni er ekki kæránlegt:

Kært efni verður að hafa birst í fjölmiðli. Í máli nr. 1/2004-2005 segir: „*Síðanefnd Blaðamannafélags Íslands tekur, að öðru jöfnu, ekki afstöðu til annarra álítaefna en þeirra sem sætt hafa formlegri birtingu í fjölmiðli. Almennt eru tjáningarfrelsi blaðamanna ekki frekari takmörk sett en öðrum þjóðfélagsþegnum. Síðanefnd getur ekki litið á uppþaflegan raðpóst kærðs til kæranda sem hluta af ritstjórnarlegum störfum hans, sem falli undir síðareglur Blaðamannafélags Íslands*“.

Leiðarar og persónulegar skoðanir undir nafni lúta ekki kæru. Í máli nr. 4/2006-2007 segir: „*Síðanefnd fjallar ekki um leiðaraskrif dagblaða eða annað efni sem sett er fram sem persónulegar skoðanir undir fullu nafni*“.

Þá hefur fallið ótvíræður úrskurður um að skrif blaðamanna á eigin „blogg“ síðu séu utan umfjöllunarsviðs SBÍ, samanber mál nr. 5/2007-2008: „*Framangreind kærð ummæli fela í sér dómgreindarskort. Hins vegar telur síðanefndin að ummælin séu sett fram sem persónuleg skoðun eða tjáning kærða sem hann eigi lögverndaðan rétt til en beri einnig ábyrgð á. Verði hann að svara fyrir þau eftir atvikum, án þess að þau tengist beint störfum hans sem blaðamanns. Fjölmiðlar hljóti að hafa reglur sem taki á málum sem þessum, enda fer illa saman að skrifa blutlugar fréttir á daginn um menn og málefni sem sami blaðamaður blogggar frjálstlega um á kvöldin á netinu*“.

Einnig lúta skoðanir viðmælenda ekki kæru, samanber mál nr. 3/2007-2008: „*Síðanefnd fjallar ekki um umræður í Kastljósi þar sem skoðanir einstaklinga koma fram. Kærð ummæli úr Kastljósi eru því utan lögsögu nefndarinnar*“.

Hins vegar falla nafnlausir smádálkar, sem stundum eru innan blaðamannastéttarinnar nefndir „slúður“, ótvírætt undir síðareglurnar, samanber mál nr. 6/2002-2003: „*Síðanefnd hefur áður fjallað um mál vegna skrifa í ýmsum smádálkum í blöðum. Smádálkar þessir eru oft að nokkru byggðir á sögusögnum en ekki faglegum vinnubrögðum blaðamennsku. Varla má atlast til að efni þeirra sé alltaf tekið of bókstaflega, en engu að síður verður að gera þær kröfur til þeirra að farið sé að síðareglum Blaðamannafélags Íslands*“.

Samanber einnig mál nr. 4/1999-2000: „*Skrif í smádálkum falla undir blaðamennsku þó svo að þeir séu því marki brenndir að byggjast á slúðri og sögusögnum en ekki af faglegum vinnubrögðum blaðamennsku. Síðanefnd hefur áður (22.10. 1985, 13.6. 1992 og 1.2. 1999) fjallað um hlíðstæð kæruefni*“.

## Um vandvirkni og tillitsemi

Allflest mál sem kærð eru til SBÍ lúta að þriðju grein siðareglanna, þar sem tekið er á vandvirkni og tillitsemi. Hvað tillitsemisreglunar varðar ber einna hæst það viðhorf SBÍ að mjög varlega skuli fara í viðkvæmum málum, er lúta að einkamálefnum fólks, einkum þeirra sem höllum fæti standa og geta illa varið sig opinberlega.

Í máli nr. 1/2005-2006 er fjallað um stöðu sjúklinga: „Almennt telur siðanefnd að gæta þurfi sérstakrar varkárni í umfjöllun um sjúklinga og að virða beri einkalíf þeirra“.

Í máli nr. 4/2007-2008 er fjallað um persónulega harmleiki: „Vægðarlaus umfjöllun um deilumál tengd skilnaði kæranda og fyrrverandi eiginkonu hans, er ekki verður felld undir annað en persónulegan harmleik, og ekki síst umfjöllun um alvarleg andleg veikindi konunnar og sjálfsvígstílaunnir hennar, eiga ekkert erindi í fjölmiðla. Í því efni breytir engu þótt frásögnin sé höfð eftir þriðja aðila. Umfjöllunin jafngildir nafnbirtingu bæði konunnar og barna þeirra og er til þess fallin að skaða saklaust fólk.... einkamálefni kæranda og fjölskyldu hans sem borin eru á torg án þess að séð verði hvaða erindi þau eigi í fjölmiðla og hins vegar þungar ásakanir um líkamsárás og skattamát“.

Í máli nr. 7/2002-2003 er blaða- og fréttamönnum bent á að fara sérstaklega varlega í umfjöllun um minnihlutahópa: „Blaðamönnum ber að sýna fyllstu tillitsemi í umfjöllun um viðkvæm mál er snerta minnihlutahópa varðandi nafngreiningu eða nánari tilgreiningu á þeim sem í blut eiga“.

Í máli nr. 3/2002-2003 er síðan fjallað um útlendinga og/eða innflytjendur: „Siðanefnd telur að orðin „af asískum uppruna“ í frétt Eiríks Jónssonar séu til þess fallin að ala á kynþáttafordómum... Fréttin hefði fyllilega stadið undir sér þó sleppt hefði verið orðunum „af asískum uppruna“.

Vandvirknisreglan gerir einkum ráð fyrir því að blaða- og fréttamenn hafi traustar heimildir fyrir því sem fram er sett, en þó einkum og sér í lagi ef fram koma alvarlegar ásakanir í garð einhvers aðila. Í máli nr. 2/2008-2009 segir þannig: „Í þessari fyrstu frétt sjónvarpsins um málið koma fram alvarlegar ásakanir (á fyrrum forstjóra). Ljóst er að fyrir slíkum fréttum hljóta að þurfa að vera afar traustar heimildir“.

Hins sama er getið í máli nr. 3/2007-2008, en með þeirri mikilvægu viðbót að það sé ekki siðanefndarinnar að meta hversu heimildirnar eru traustar: „... í fréttinni kom fram að fréttastofa sjónvarps teldi sig hafa traustar heimildir fyrir þeirri fullyrðingu að sumir mótmælendur fengu greitt fyrir að vera handtekin af lögreglu. Siðanefnd hefur ekki forsendur til að meta trúverðuleika heimilda ríkissjónvarpsins enda hafa ekki verið lögð fram frekari gögn um efnið. Þar stendur orð gegn orði“.

SBÍ hefur í gegnum tíðina úrskurðað í ófáum málum á þann hátt að ekki hafi verið aflað nægilegra upplýsinga og má nefna mál nr. 1/2007-2008 sem dæmi: „Af fyrsta þatti þessarar umfjöllunar, 26. apríl, má greinilega sjá að ekki hefur verið aflað nægilegra upplýsinga til gefa rétta mynd af málinu... Fréttamaður lét undir höfuð leggjast að afla grundvallarupplýsinga í viðkvæmu máli“.

Hins vegar hefur SBÍ sett fram ótvíræðan skilning á því að vinnuálag og tímaþröng geti haft áhrif á vinnslu fréttu og er mál nr. 4/2008-2009 gott dæmi um þetta: „Eðli málsins samkvæmt þarf iðulega að fara brutt yfir sögu í umfjöllun af þessu tagi. Sjaldan gefst tími til að fara í nákvæmar útlistanir og einfalda þarf flókna hluti... Slíkt má þó ekki verða á kostnað staðreynda og nákvæmni upplýsinga“.

## Um nafnbirtingar

Rétt er að tíunda sérstaklega atriði í siðanefndarúrskurðum þar sem fjallað er um nafnbirtingar. Almenna reglan er að birta ekki nafn aðila ef nafnbirtingin getur valdið óþarfa sársauka eða vanvirðingu. Nefna má í þessu sambandi mál nr. 7/2002-2003, þar sem segir: „Gera verður greinarmun á því, hvort tilgreiningar sé þörf, vegna sambengis við inntak fréttarinnar, eða hvort slík tilgreining sé óþörf“. Þá segir í máli nr. 4/2007-2008: „Umfjöllunin jafngildir nafnbirtingu bæði konunnar og barna þeirra og er til þess fallin að skaða saklaust fólk ... einkamálefni kæranda og fjölskyldu hans sem borin eru á torg án þess að séð verði hvaða erindi þau eigi í fjölmiðla...“.

Í máli nr. 10/2005-2006 er varað við nafnbirtingu eða ígildi nafnbirtingar ef viðkomandi aðili er eingöngu grunaður um brot á lögum: „... of langt gengið að greina jafn nákvæmlega frá grunsemdum um meinta sekt kæranda í málinu og DV gerir... Umfjöllunin jafngildir nafnbirtingu og þó liggur ekkert fyrir um að lögregla hafi grunað kæranda um þjófnaðinn“.

Í máli nr. 1/2005-2006 er að finna dæmi um nafnbirtingu sem SBÍ taldi fela í sér alvarlegt brot á siðareglum: „... nafn sjúklings hafi verið birt í heimildarleysi ásamt mynd af honum. Málavextir benda ekki til að neina nauðsyn hafi borið til að almenningur vissi hver sjúklingurinn væri né hvernig hann liti út“.

Á hinn bóginn tekur siðanefndin fram í úrskurðum að þær aðstæður geti komið upp þar sem nafnleyndarsjónarmið eigi ekki við. Þetta á almennt við um nafntogaða einstaklinga og svokallaðar opinberar persónur, en einnig og ekki síður ef nafn viðkomandi telst á allra vörum og/eða hefur annað hvort opinberlega komið fram annars staðar eða að nafnleyndin varðar þröngan hóp; fáir komi til greina og aðgreiningar því þörf. Nefna má í þessu sambandi mál nr. 2/2002-2003: „... Ragnar var áður búinn að koma sjálfur fram vegna málsins í öðrum fjölmiðli. Því hafi ekki verið ástæða til nafnleyndar. Siðanefnd tekur undir þau sjónarmið. .. Ekki verður heldur séð hvernig hefði verið hægt að halda nafni Ragnars utan við umfjöllunina án þess að valda því að þröngur hópur innan Thermo Plus hefði verið talinn tengjast fréttinni“.

## Um réttinn til andsvara



Engum blöðum er um það að flétta að SBÍ telur réttinn til andsvara mikilvægan, þótt ekki sé með beinum hætti kveðið á um það í siðareglum, eins og kemur fram í máli nr. 2/2001-2002: „Kærandi kvartar meðal annars yfir því að fréttin var ekki borin undir Norðurljós. Siðareglur leggja engar sérstakar kvaðir á blaðamenn í því efni, en í ljósi þeirra ber að minnsta kosti að telja skylt að bera frétt undir aðila máls ef telja má að fréttin skæði hann eða sé honum til vanvirðu“.

Mikilvægi réttarins til andsvara hefur enda oft komið fram í úrskurðum í tengslum við gagnrýni og/eða ásakanir og í máli nr. 8/2002-2003 kemur þetta meginsjónarmið vel fram: „Almenn vinnuregla blaðamanna er að leita eftir sjónarmiðum þess sem er skotsþónn fréttar“. Einnig í máli nr. 6/2007-2008: „Jafnframt beri það vott um óvönduð vinnubrögð að gera enga tilraun til þess að hafa samband við kæranda og leita skýringa á því af hverju bréf með nafni kæranda fannst í ruslinu“.

## Um aðhaldshlutverkið og almannahag

Það er viðtekið sjónarmið í samfélagsumræðunni að fjölmiðlum er ætlað veigamikið hlutverk við að veita stjórnvöldum og öðrum valdaaðilum ríkulegt aðhald með gagnrýninni umfjöllun og í því sambandi telst það viðurkennt sjónarmið að svokallaðar „opinberar persónur“ verði að þola ágengari umfjöllun en annað fólk, samanber mál nr. 3/2005-2006, þar sem segir: „Siðanefnd er sammála ritstjóra DV um að kærandi sé orðinn „opinber persóna“ í skilningi laga vegna starfa sinna fyrir lögregluna og verði því að seta ítarlegri umfjöllun um sína persónu en almennir borgarar“.

SBÍ hefur nokkrum sinnum komið inn á aðhaldshlutverkið gagnvart valdaaðilum og í máli nr. 1/2007-2008 kemur hin almenna aðhaldsregla skýrt fram: „Siðanefnd telur að það sé sjálfsgöð skylda fjölmiðla að veita stjórnvöldum aðhald og taka upp mál sem bent geta til þess að misfarið sé með vald“.

Einnig er það talið eðlilegt hlutverk fjölmiðla að greina skilmerkilega frá því sem miður fer eða er í samfélaginu, svo sem með í huga forvarnir/varnaðaráhrif og almannahag yfirleitt. Eftirfarandi dæmi lýsa þessari afstöðu með skýrum hætti:

„... það sé eðlilegt hlutverk fjölmiðla að vekja athygli á því sem betur megi fara í umhverfismálum, þar með talið umfjöllun um rusl sem bent sé á viðavang“.

Mál nr. 6/2007-2008.

„Umfjöllun um harmleiki er ávallt vandmeðfarin en hefur að sjálfsgöðu fréttagildi og gæti einnig haft varnaðaráhrif“.

Mál nr. 5/2006-2007.

„Siðanefnd ákvæð að taka kærana til umfjöllunar, þrátt fyrir að kærandi eigi ekki beina aðild að málinu. Um er að ræða ákveðinn þjóðfélagsþóp sem á erfitt með að bera bönd fyrir höfuð sér, auk þess sem umræða um hugsanlega keyþáttafordóma snertir almanna hagsmunir“. Mál nr. 3/2002-2003.

Einnig má nefna eftirfarandi dæmi, þótt úrskurðurinn falli utan þess tímabils sem annars var til skoðunar: „... Myndbirtingar af þessu tagi hafa verið réttlattar með því að þær séu árangursrík viðvörun við hrað- og ölvunarakstri og hafa lögregluþyrirvöld staðfest að slíkar myndbirtingar hafi orðið til þess að draga úr hvoru tveggja. Myndbirtingar af þessu tagi geta engu að síður magnað sorg þeirra sem um sárt eiga að binda í umræddum tilvikum, en siðanefnd telur þær engu að síður réttlattanlegar... Tímaritið Allt tekur hins vegar þann þátt málsins fyrst og fremst upp til að birta hinar dökku hlíðar mannlífsins og sýna fram á að slíkt ofbeldi viðgangist. Greinin er skrifuð sem eins konar viðvörun og á fullan rétt á sér sem slík“. Mál nr. 2/1998–1999.

## Um tímasetningu fréttar

Ekki verður betur séð en að SBÍ hafi sent frá sér tvíræð skilaboð um tímasetningu fréttar, þ.e. hvenær óhætt er að opinbera upplýsingar. Nefndin hefur sagt í lagi að fara af stað (með fyrstu birtingu), þótt ekki séu öll kurl komin til grafar, en heimildir taldar traustar (sbr. mál nr. 2/2008-2009). Jafnframt að þegar fyrirbyggjandi staðreyndir eru nægar þá megi birta frétt þótt ekki hafi tekist að ná í tiltekinn lykilaðila málsins (sbr. mál nr. 2/2007-2008). Í máli nr. 5/2005-2006 sagði SBÍ enn fremur að það væri „hvorki í höndum siðanefndar BÍ né kæranda að meta eða ákveða fyrir fjölmiðla hvenær fjallað skuli um mál og hvenær ekki“.

En í máli nr. 1/2007-2008 sagði SBÍ hinsvegar: „Umfjöllun um þetta mál var að ýmsu leyti vandasöm, ekki síst vegna tímasetningarinnar, enda aðeins liðlega tvær vikur til alþingiskosninga... Mátti fréttamönnum vera sérstaklega ljóst mikilvægi þess að ekki væri farið með rangar eða misvísandi upplýsingar um málið...“.

Í síðastnefnda málinu vék þessi frjálslýnda túlkun um hvenær fara megi af stað með frétt fyrir því að blaða- og fréttamenn verði að fara sérstaklega varlega undir kringumstæðum eins og þegar kosningar eru í nánd.

## Um óhefðbundin vinnubrögð

Í siðareglum BÍ er ekki að finna ákvæði um hvaða vinnuáðferðir við öflun upplýsinga teljast siðleg eða ekki siðleg. Það er því ekki hægt með skýrum hætti að aðgreina hvaða vinnubrögð

geta talist hefðbundin eða óhefðbundin og því reynir fyrst og fremst á túlkun á þriðju grein siðareglanna í því sambandi.

En SBÍ hefur kveðið upp hið minnsta einn mikilvægan úrskurð, þar sem fjallað er um þau óhefðbundnu vinnubrögð að beita leynilegri upptöku við öflun upplýsinga – í máli nr. 1-2/2003-2004 (sameinuð mál um sama efnið). Í því máli beitti Stöð 2 sér fyrir því að varpa ljósi á starfsemi svokallaðra erótískra nuddstofa og sendi fréttamann á slíkan vettvang. Upptaka og viðtal fóru þar fram með leynilegum hætti.

SBÍ komst að þeirri niðurstöðu að að öðru jöfnu hefðu þessi óhefðbundnu vinnubrögð getað falið í sér brot á siðareglunum. En fjölmiðillinn var ekki talinn brotlegur á þeim forsendum að um hafi verið að ræða „*starfsemi sem erfitt er að aflla upplýsinga um en óþjákvæmilega kallar á umfjöllun fjölmiðla, starfsemi þar sem ólíklegt var að hefðbundin vinnubrögð fréttamanns hefðu skilað fullnægjandi árangri*“.

## Lokaorð

Í úrskurðum SBÍ er ótvírætt að finna nánari siðferðileg „fyrirmæli“ til blaða- og fréttamanna en beint er kveðið á um í birtum siðareglum BÍ. Kennir þar ýmissa grasa, en höfundur telur ástæðu til að benda sérstaklega á tvennt, sem alls ekki hefur beina skírskotun til ákvæða siðareglanna, en varðar dagleg störf blaða- og fréttamanna miklu.

Í fyrsta lagi. Siðanefnd telur að það sé sjálfsgöð skylda fjölmiðla að veita stjórnvöldum aðhald og taka upp mál sem bent geta til þess að misfarið sé með vald, mál sem varpa ljósi á skuggahliðar samfélagsins, mál sem senda út samfélagslega aðvörun og hafa forvarnargildi og mál sem veita hinum raddlausu rödd (t.d. minnihlutahópum).

Í öðru lagi. Við upplýsingaöflun sína er blaða- og fréttamönnum fyllilega heimilt að beita óhefðbundnum vinnubrögðum ef málið varðar almannahag. Aðferðir sem geta að öðru jöfnu falið í sér brot á siðareglum eru þannig séð réttlætanager ef almenningur á tilkall til upplýsinganna og aðrar og hefðbundnari aðferðir teljast ófærar. Þetta sjónarmið var talið gilda um rannsókn fjölmiðils á „erótískri“ nuddstofu, en hið sama hlýtur að mati höfundar að gilda um leynihólf stjórn mála og viðskipta.

## Heimildir

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) Siðareglur Blaðamannafélags Íslands. Sótt 28. Júlí 2009 á <http://press.is/static/files/gamalt/sidareglur.pdf>

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) Vinnureglur siðanefndar. Sótt 28. Júlí 2009 á [http://press.is/page/vinnureglur\\_sidanefndar/](http://press.is/page/vinnureglur_sidanefndar/)

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 2/1998-1999*. Síðast skoðað 8. september 2009 á [http://press.is/page/mal\\_2\\_1998\\_99/](http://press.is/page/mal_2_1998_99/)

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 4/1999-2000*. Síðast skoðað 29. ágúst 2009 á [http://press.is/page/mal\\_4\\_1999-2000/](http://press.is/page/mal_4_1999-2000/)

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 5/1999-2000*. Síðast skoðað 22. ágúst 2009 á [http://press.is/page/mal\\_5\\_1999-2000/](http://press.is/page/mal_5_1999-2000/)

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 3/2000-2001*. Word-skjal fengið í tölvupósti frá BÍ 18. ágúst 2009.

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 2/2001-2002*. Síðast skoðað 7. september 2009 á [http://press.is/page/mal\\_2\\_2001-2002/](http://press.is/page/mal_2_2001-2002/)

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 2/2002-2003*. Síðast skoðað 7. september 2009 á [http://press.is/page/mal\\_2\\_2002-2003/](http://press.is/page/mal_2_2002-2003/)

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 3/2002-2003*. Síðast skoðað 8. september 2009 á [http://press.is/page/mal\\_3\\_2002-2003/](http://press.is/page/mal_3_2002-2003/)

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 6/2002-2003*. Síðast skoðað 29. ágúst 2009 á [http://press.is/page/mal\\_6\\_2002-2003/](http://press.is/page/mal_6_2002-2003/)

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 7/2002-2003*. Síðast skoðað 6. september 2009 á [http://press.is/page/mal\\_7\\_2002-2003/](http://press.is/page/mal_7_2002-2003/)

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 8/2002-2003*. Síðast skoðað 7. september 2009 á [http://press.is/page/mal\\_8\\_2002-2003/](http://press.is/page/mal_8_2002-2003/)

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 1-2/2003-2004*. Síðast skoðað 10. September 2009 á [http://press.is/page/mal\\_nr\\_1-2\\_2003-2004/](http://press.is/page/mal_nr_1-2_2003-2004/)

Blaðamannafélag Íslands (2004) Mál nr. 5/2003-2004. Blaðamaðurinn, 26 (2), 30-31.

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 1/2004-2005*. Síðast skoðað 28. ágúst 2009 á [http://press.is/page/mal\\_nr.\\_1.\\_2004\\_2005/](http://press.is/page/mal_nr._1._2004_2005/)

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 2/2004-2005*. Word-skjal fengið í tölvupósti frá BÍ 18. ágúst 2009.

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 1/2005-2006*. Síðast skoðað 7. september 2009 á [http://press.is/page/mal\\_nr.\\_1\\_2005-2006/](http://press.is/page/mal_nr._1_2005-2006/)

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 3/2005-2006*. Síðast skoðað 8. september 2009 á [http://press.is/page/mal\\_nr.\\_3\\_2005\\_2006/](http://press.is/page/mal_nr._3_2005_2006/)

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 4/2005-2006*. Síðast skoðað 21. ágúst 2009 á [http://press.is/page/mal\\_nr.\\_4\\_2005\\_2006/](http://press.is/page/mal_nr._4_2005_2006/)

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 5/2005-2006*. Síðast skoðað 9. september 2009 á [http://press.is/page/mal\\_nr.\\_5\\_2005\\_2006/](http://press.is/page/mal_nr._5_2005_2006/)

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 9/2005-2006*. Síðast skoðað 19. ágúst 2009 á [http://press.is/page/mal\\_nr.\\_9\\_2005-2006/](http://press.is/page/mal_nr._9_2005-2006/)

Blaðamannafélag Íslands (2006) Mál nr. 10/2005-2006. Blaðamaðurinn, 28 (2), 30-31.

Blaðamannafélag Íslands (2007) Mál nr. 4/2006-2007. Blaðamaðurinn, 29 (2), 30-31.

Blaðamannafélag Íslands (2007) Mál nr. 5/2006-2007. Blaðamaðurinn, 29 (3), 24-25.

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 1/2007-2008*. Síðast skoðað 10. september 2009 á [http://press.is/page/mal\\_nr.\\_1\\_2007\\_-\\_2008/](http://press.is/page/mal_nr._1_2007_-_2008/)

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 2/2007-2008*. Síðast skoðað 9. september 2009 á [http://press.is/page/mal\\_nr.\\_2\\_2007-2009/](http://press.is/page/mal_nr._2_2007-2009/) (svo)

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 3/2007-2008*. Síðast skoðað 5. september 2009 á [http://press.is/page/mal\\_nr.\\_3\\_2007-2008/](http://press.is/page/mal_nr._3_2007-2008/)

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 4/2007-2008*. Síðast skoðað 6. september 2009 á [http://press.is/page/mal\\_nr.\\_4.\\_2007\\_2008/](http://press.is/page/mal_nr._4._2007_2008/)

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 5/2007-2008*. Ljósrit fengið frá BÍ 19. ágúst 2009.

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 6/2007-2008*. Síðast skoðað 8. september 2009 á [http://press.is/page/sidadomur\\_6\\_2008](http://press.is/page/sidadomur_6_2008)

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 2/2008-2009*. Síðast skoðað 9. september 2009 á [http://press.is/page/mal\\_nr.\\_2\\_2008\\_2009/](http://press.is/page/mal_nr._2_2008_2009/)

Blaðamannafélag Íslands (á.á.) *Mál nr. 4/2008-2009*. Síðast skoðað 5. september 2009 á [http://press.is/news/enginn\\_titill111111111122222222230/](http://press.is/news/enginn_titill111111111122222222230/)

Róbert H. Haraldsson og Steinar Örn Atlason (2006). Síðanefnd Blaðamannafélags Íslands 1966-2005. *Blaðamaðurinn*, 28 (1), 11-19.